

Alþingi
Nefndarsvið Alþingis, umhverfis- og samgöngunefnd
Kirkjustræti
101 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is

Bárðardal, 10. apríl 2017

Umsögn landeigenda við Skjálfandafljót um þingsályktunartillögu um vernd og orkunýtingu landsvæða

Á fjölmönnum íbúafundi í Kiðagili í Bárðardal 3. apríl 2017 var samþykkt eftirfarandi ályktun:

Íbúafundur, haldinn í Kiðagili í Bárðardal 3. apríl 2017, mótmælir því afdráttarlaust að áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða geri ráð fyrir því að allt vatnasvið Skjálfandafljóts verði flokkað í vernd án samráðs við landeigendur.

Óskað er eftir því að fulltrúar landeigenda að Skjálfandafljóti fái að mæta á fund umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis til að kynnar nánar sjónarmið landeigenda.

Með vísan til ofangreindrar ályktunar vilja undirritaðir koma á framfæri þessari umsögn um þingsályktunartillögu um vernd og orkunýtingu landsvæða og óska jafnframt eftir fundi með umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis.

Landeigendur 38 jarða við Skjálfandafljót sendu inn athugasemdir við drög að lokaskýrslu verkefnisstjórnar þriðja áfanga verndar- og orkunýtingaráætlunar sem er fylgiskjal við umsögn þessa. Í athugasemdunum var bent á að í skýrslunni væri að finna yfirlitsmynd þar sem búið er að merkja allt Skjálfandafljót sem „Landsvæði í verndarflokki“. Í erindi sínu bentu landeigendur á að þeir hefðu mikla hagsmuni af mögulegri nýtingu Skjálfandafljóts og fjölmargir aðrir möguleikar til nýtingar væru til staðar en þeir fjórir virkjunarkostir sem voru til skoðunar í drögunum.

Athugasemdum landeigenda var ekki svarað í endanlegri skýrslu verkefnisstjórnar en skilja má svör við öðrum umsögnum þannig að verkefnisstjórn líti svo á að í niðurstöðu sinni felist tillaga um verndun vatnasviðs Skjálfandafljóts í heild sinni. Á bls. 214 segir til dæmi:

Í þessu sambandi bendir verkefnisstjórn á, að eins og fram hefur komið gera lög nr. 48/2011 ráð fyrir því að til álita komi að vernda heil vatnasvið, sem yrðu þá sett í verndarflokk og þar með allir hugsanlegir virkjunarkostir innan þeirra. Þetta varð niðurstaðan hvað vatnasvið Skjálfandafljóts varðar, að teknu tilliti til hárrar verðmætaeinkunnar svæðisins. Í þessu sambandi er mikilvægt að hafa í huga að stíflur í meginfarvegi hafa (mismikil) áhrif á allt vatnasviðið, sem og hafið úti fyrir ósum fallvatnsins [...]

Eignaréttur landeigenda við Skjálfandafljót er friðhelgur og nýtur verndar 72. gr. stjórnarskrárinnar. Með flokkun vatnasviðs Skjálfandafljóts í heild sinni, án tillits til einstakra virkjunarkosta, í verndarflokk myndi felast friðlýsing sem hefði veruleg áhrif á verðmæti og nýtingarmöguleika einstakra landeigenda.

Það er undir löggjafarvaldinu komið að taka endanlega ákvörðun um það hvernig verður unnið úr tillögum verkefnisstjórnarinnar. Um friðlýsingu svæða er fjallað í lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd. Undirbúningur að slíkri friðlýsingu þarf að vanda vel og meðal annars hafa samráð við íbúa og rannsaka afleiðingar og áhrif friðlýsingar ítarlega. Í þessu sambandi skal bent á að á opnum kynningarfundum sem verkefnisstjórn 3. áfanga hélt að Stórutjörnum 11. apríl 2016 voru ekki kynnt nein áform um friðlýsingu eða verndun vatnasvæðis Skjálfandafljóts. Þá var athugasemdum eigenda 38 jarða í Bárðardal ekki svarað í skýrslu verkefnisstjórnar. Þessi framkoma skýrsluhöfunda gagnvart landeigendum er að mati undirritaðra skammarleg enda myndi friðlýsing vatnasviðsins í heild hafa verulega áhrif á verðmæti og nýtingarmöguleika landeigenda.

Fyrirliggjandi þingsályktunartillaga

Í fyrirliggjandi þingsályktunartillögu er að finna verndar- og orkunýtnaráætlun þar sem hver og einn virkjunarkostur er flokkaður í einn þriggja flokka með sama hætti og í lokaskýrslu verkefnisstjórnar. Ekki er í þingsályktunartillögunni að finna neina umfjöllun um landssvæði eða einstök vatnasvið.

Undirritaðir vilja koma því á framfæri að afar óljóst er hvað felst í tillögum verkefnisstjórnar um flokkun heilu landsvæðanna, þ.m.t. vatnasviðs Skjálfandafljóts, í verndarflokk. Ekki verður ráðið af lögum að lokaskýrsla verkefnisstjórnar feli ein og sér í sér niðurstöðu sem er bindandi fyrir þá aðila sem eiga landsvæði að Skjálfandafljóti þannig að áhrif hafi á nýtingarmöguleika þeirra á landi sínu. Við skýrslugerðina hefur auk þess að engu verið gætt að meginreglum stjórnsýsluréttar svo sem rannsóknarskyldu þannig að kannað sé til hlítar hver áhrif einstakra virkjana myndu vera á vatnasvið Skjálfandafljóts eða að stjórnarkrárvörðum rétti landeigenda.

Í fyrirliggjandi þingsályktunartillögu eru eingöngu flokkaðir þeir virkjunarkostir sem verkefnisstjórninni var falið að fjalla um en að engu leyti fjallað um landsvæði, þ.m.t. vatnasvið Skjálfandafljóts, án tillits til þessara tilteknu virkjanakosta. Ekki séð að samþykkt þingsályktunartillögunnar í því formi sem hún hefur verið sett fram feli í sér bann við virkjunum sem ekki er sérstaklega fjallað um í áætluninni. Undirritaðir telja mikilvægt að við meðferð málsins hjá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis verði sérstaklega gætt að því að þingsályktunartillagan verði ekki túlkuð víðtækar en efni hennar gefur til kynna enda myndu landeigendur í Bárðardal hafa gríðarlega hagsmuni af friðlýsingu vatnasviðs Skjálfandafljóts í heild sinni.

Undirritaðir óska eftir því að fá að koma á fund umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis og gera frekar grein fyrir umsögn sinni og hagsmunum.

Virðingarfyllst, Eiður Jónsson. Garðar Jónsson

